


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Áfangaheiti LSU 202 Námsáætlun Vor 2017	

Kennari	Kristján Þ Kristinnsson	Sk.st.	KÞK
----------------	-------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Nemendur læri að ná tökum á að sjóða frá- og mótsuðu í bæði plötur og rör í suðustöðunum PA-BW, PC-BW og PF-BW með suðugæðum C samkvæmt ÍST EN 25817. Þeir eiga að geta valið rétta raufargerð, rétta spíssastærð og stillt vinnuþrýsting m.t.t. efnisþykktar. Þeir tileinka sér færni í logskurði og þekkingu á plasmaskurði og leiserskurði.

Markmið: Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að þekkja:

- bakslagsöryggisbúnað, aðalhluti hans og virkni
- suðubrennara, lágþrýstibrennara / háþrýstibrennara
- raufargerðir fyrir frá- og mótsuðu þegar efnisþykkt er >3mm
- áhöld og aðferðir við að stilla upp og hefta saman plötur og rör
- suðugalla við logsuðu, orsakir þeirra og hugsanlegar úrbætur
- suðuvíra til logsuðu
- meðferð og notkun logskurðartækja og skurðarvéla
- galla sem geta komið við logskurð og hugsanlegar úrbætur á þeim
- meðferð og notkun plasma- og leiserskurðarvéla

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að geta:

- stillt vinnuþrýsting af öryggi og valið suðuspíssa samkvæmt efnisþykkt
- soðið rör og plötur í stöðunum PA-BW, PC-BW, PF-BW með frásuðu í gæðaflokk C samkvæmt ÍST EN 25817
- soðið rör og plötur í stöðunum PA-BW, PC-BW, PF-BW með mótsuðu í gæðaflokk C samkvæmt ÍST EN 25817
- logskorið með logskurðartækjum og skurðarvél bæði fas og beinan skurð
- útbúið fas á rör og skeytt saman rörum
- skorið plötur og rör með plasmaskurðarvél; stál, ryðfrítt stál, ál og eir

Námsgögn:


Myndbönd frá framleiðendum suðubúnaðar.

Handbækur frá framleiðendum suðubúnaðar.

Ljósrit frá kennara.

LOGSUÐA útgefandi Iðan fræðslusetur útg. 2007.

Málmsmiði. Kennslubók frá IÐNÚ. Útg.2011

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Áfangaheiti LSU 202	
	Námsáætlun Vor 2017	

Áætlun um yfirferð: ATH. MEÐ VIKUNÚMERI ER EKKI ÁTT VIÐ ALMANKSVIKU HELDUR ÞAÐ SKIPTI KENNSLA FER FRAM.

Vika	Yfirferð og verkefni
1	Logsuða: Farið yfir kennsluáætlun, öryggismál, brunahættu, helstu hættur og varúðarráðstafanir vegna hita, reyks og eldfimra efna og hlífðarfatnað.
2 til 4	Logsuða: Nemendur logsjóða rör í ýmsum stærðum og þykktum. Byrjað verður á að sjóða í suðustöðunni BW - PF og PC. <u>Áfangapróf.</u>
5 til 10	Logsuða: Nemendur logsjóða rör í ýmsum stærðum og þykktum. Soðið verður í <u>föstum</u> suðustöðum BW PF - PC – HL045. <u>Áfangapróf.</u>
11 til 14	Logsuða: Nemendur logsjóða rör í ýmsum stærðum og þykktum. Soðnar verða innásuður í <u>föstum</u> suðustöðum. <u>Áfangapróf.</u>
15	Logsuða: Upprifjun á efni annarinnar.

Námsmat og vægi námsþátta:


Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Sjá töflu	Öll atriði hafa sama vægi. Sjá töflu að neðan		Sjá töflu

Rör 76,1x2,9				Innásuður											
PF innan	PF utan	PC innan	PC utan	PF fást innan	PF fást utan	HL045 innan	HL045 utan	PB innan	PB utan	PF innan	PF utan	Vinnusemi 10%	Vetrareinkunn 75%	Próf 25%	Lokaeinkunn 100%

Annað:

- Í upphafi tíma er gjarnan farið yfir verkefni dagsins og aðra mikilvæga þætti viðkomandi náminu. Það er því áriðandi að nemandi mæti á réttum tíma svo komast megi hjá óþarfa endurtekningum.
- Ef nemandi yfirgefur verkstæði áður en tiltekt lýkur eða tekur ekki þátt í frágangi fær hann F (fjarvist) fyrir síðustu kennslustund.
- Eins og fram kemur í markmiðum áfangans er lögð rík áhersla á að nemandi tileinki sér, öryggismál vinnustaðarins, stundvísi, snyrtimennsku, góða umgengni og almenna háttvísi. Með tilliti til þessara þátta er settur upp einn dagur á önn svokallaður "tuskudagur" þar sem hver áfangi tekur þátt í að þrifa vélar, tæki og verkstæði.

Dagsetning:


Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagsstj eða staðgengils